

# LANDSRÉTTUR

Dómur fimmtudaginn 4. júní 2026.

Mál nr. 455/2025:

## Livio AB

(Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður,  
Stefán Árni Auðólfsson lögmaður, 4. prófmál)

gegn

## Ingunni Jónsdóttur

(Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður)

### Lykilorð

Kaupsamningur. Samkeppni. Trúnaðarskylda. Sönnun. Sönnunarbyrði.

### Útdráttur

Í málinu var deilt um uppgjör eftirstöðva kaupverðs vegna kaupa L á eignarhlutum I í félaginu I ehf. Laut ágreiningurinn að því hvort I hefði brotið gegn umsömdum trúnaðarskyldum um samkeppnisbann sem firrti hana rétti til greiðslu eftirstöðva kaupverðsins. Með hinum áfrýjaða dómi var L gert að greiða I eftirstöðvar kaupverðsins auk nánar tilgreindra vaxta. Í dómi Landsréttar var vísað til þess að ákvæði um samkeppnisbann hefðu í dómaframkvæmd gjarnan verið túlkuð þröngt og að sá sem héldi fram broti gegn slíku ákvæði bæri almennt sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni. Ekki var talið að nánar greind áskorun L í héraði og sú staðreynd að I gaf þar ekki aðilaskýrslu breytti neinu um sönnunarstöðu í málinu. Landsréttur tók fram að samkeppnisákvæðið hefði falið í sér að I væri óheimilt í þrjú ár að stunda eða taka þátt í nánar tilgreindri starfsemi. Ekki lögju fyrir gögn sem styddu það að I hefði tekið þátt í slíkri starfsemi á tímabilinu. Þá hefði stofnun eiginmanns hennar á tveimur einkahlutafélögum á tímabilinu ekki falið í sér brot á samningsákvæðinu og yrði raunar ekki séð að eiginmaðurinn eða félögin hefðu hafið starfsemi í skilningi ákvæðisins á umræddu þriggja ára tímabili. Að framangreindu gættu en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms var hann staðfestur.

### Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Ásgerður Ragnarsdóttir, Eiríkur Jónsson og Þorgeir Ingi Njálsson.

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 18. júní 2025. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 22. maí 2025 í málinu nr. E-1352/2024.
- Áfrýjandi krefst sýknu af öllum kröfum stefndu auk málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.

- 3 Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms auk málskostnaðar fyrir Landsrétti.

#### **Niðurstaða**

- 4 Aðilar málsins deila um hvort stefnda hafi brotið gegn sanningsákvæði um samkeppnisbann. Af dómaframkvæmd má ráða að ákvæði um slíkt bann hafi, í ljósi þess hversu íþyngjandi þau geta verið, gjarnan verið túlkuð þröngt, í öllu falli ekki rýmra en orðalag þeirra gefur til kynna. Þá ber sá sem heldur fram broti gegn slíku ákvæði almennt sönnunarbyrðina fyrir þeirri staðhæfingu sinni.
- 5 Áfrýjandi byggir á því að áskorun í greinargerð hans í héraði og sú staðreynd að stefnda gaf ekki aðilaskýrslu í málinu færi sönnunarbyrði yfir á hana. Með áskoruninni í greinargerð skoraði áfrýjandi á stefndu að upplýsa um tvennt, annars vegar hvenær nánar tiltekinn leigusamningur hefði verið gerður og hins vegar um tímasetningar að því er varðaði samstarf nánar tiltekinna félaga. Áskoruninni var svarað með bókun sem stefnda lagði fram í þinghaldi 28. maí 2024 ásamt fjórum öðrum dómskjölum. Eins og framangreindum skjölum og atvikum er háttað geta þau í engu breytt sönnunarstöðu í málinu, hvorki samkvæmt 1. mgr. 68. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála né öðrum réttarreglum. Þá beindi áfrýjandi ekki áskorun til stefndu um að hún kæmi fyrir dóm til að gefa aðilaskýrslu og dómari kvaddi hana ekki til skýrslugjafar. Getur sú staðreynd að stefnda gaf ekki aðilaskýrslu því ekki talist vanræksla sem skýrð verði á þann hátt sem er áfrýjanda hagfelldastur samkvæmt 2. mgr. 50. gr. laga nr. 91/1991.
- 6 Samkvæmt orðalagi sanningsákvæðisins var stefndu óheimilt í þrjú ár frá 1. febrúar 2021 að stunda eða taka þátt í vissri starfsemi, nánar tiltekið „starfsemi á Íslandi sem er svipuð starfsemi Livio Reykjavík, þ.e. starfsemi á sviði tæknifrjógvunarmeðferða á Íslandi“. Engin gögn liggja fyrir sem styðja það að stefnda hafi tekið þátt í slíkri starfsemi í fyrirnefnd þrjú ár. Þá fól stofnun eiginmanns hennar á tveimur einkahlutafélögum á tímabilinu ekki í sér brot á sanningsákvæðinu, enda laut það samkvæmt orðum sínum að ástundun og þátttöku stefndu, sem kemur hvergi fyrir í stofnskjölum félaganna, en ekki annarra. Hvað sem því líður verður raunar ekki séð að eiginmaðurinn eða félögin hafi hafið starfsemi í skilningi ákvæðisins á umræddu þriggja ára tímabili, þó það hafi síðar orðið.
- 7 Samkvæmt framangreindu en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.
- 8 Samkvæmt úrslitum málsins verður áfrýjanda gert að greiða stefndu málskostnað fyrir Landsrétti eins og greinir í dómsorði.

#### **Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Livio AB, greiði stefndu, Ingunni Jónsdóttur, 1.000.000 króna í málskostnað fyrir Landsrétti.

## Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 22. maí 2025

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

1. Málið var höfðað 28. febrúar 2024 og dómtekið 28. apríl 2025.
2. Stefnandi er Ingunn Jónsdóttir, [...]. Stefndi er Livio AB, [...].
3. Stefnandi krefst þess að stefndi greiði henni 24.837.095 krónur, auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá og með 1. febrúar 2024 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.
4. Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hennar.

### Helstu málsatvik

5. Deilt er um uppgjör eftirstöðva kaupverðs vegna kaupa stefnda á eignarhlutum stefnanda í félaginu IVF holding ehf. sem er samkvæmt gögnum málsins að meirihluta til í eigu stefnda. IVF holding ehf. er móðurfélag Livio Reykjavík ehf., sem stefnandi starfaði áður hjá sem frjósemislæknir. Ágreiningurinn lýtur að því hvort stefnandi hafi brotið gegn umsömdum trúnaðarskyldum, sem firri hana rétti til greiðslu eftirstöðva kaupverðsins.
6. Stefnanda var sagt upp störfum hjá Livio Reykjavík ehf. 26. júlí 2019. Stefnandi taldi uppsögnina ólögmæta og höfðaði mál vegna hennar gegn Livio Reykjavík ehf. og IVF holding ehf. Þar krafðist stefnandi m.a. innlausnar á öllum eignarhlut sínum í IVF holding ehf., sem nam 19% eignarhluta í félaginu. Málinu lauk með dómsátt 19. nóvember 2020, í kjölfar þess að aðilar gerðu kaupsamning um eignarhlutina, dags. 12. sama mánaðar. Samkvæmt dómsáttinni skyldi kaupsamningurinn skoðast sem órjúfanlegur hluti hennar. Kveðið var á um að stefndi skyldi kaupa allan eignarhlut stefnanda gegn greiðslu peninga á matsverði sem óháður aðili, PricewaterhouseCoopers ehf. (PWC), skyldi ákveða að undangengnu matsferli sem nánar var lýst.
7. Stefndi skyldi greiða 80% af kaupverði eignarhlutarins 20 dögum eftir að PWC hefði ákveðið verðið. Eftirstöðvarnar, 20%, skyldi stefndi samtímis greiða inn á vörslureikning hjá vörsluaðila sem sammingsaðilar kæmu sér saman um. Í kaupsamningnum var mælt fyrir um trúnaðarskyldur og samkeppnishömlur stefnanda, sem skyldu gilda í þrjú ár frá 1. febrúar 2021, eða frá því að greiðsla fyrir 80% kaupverðsins yrði innt af hendi, eftir því hvor dagsetningin kæmi á undan. Að loknu umræddu þriggja ára tímabili skyldi stefnandi fá greiddar eftirstöðvar kaupverðsins, sem væri í vörslu fjárvörsluaðila, ef hún uppfyllti skyldur sínar samkvæmt samningnum.
8. Nánar tiltekið er kveðið á um umræddar trúnaðarskyldur í grein 2.1 í kaupsamningnum. Þar segir að stefnandi undirgangist að mega ekki um þriggja ára skeið, frá framsalsdegi hlutabréfanna eða frá 1. febrúar 2021, hvort sem fyrir kæmi:
  - a. annað hvort í eigin nafni eða fyrir einhvern annan aðila eða fyrirtæki í eigu hennar eða tengds aðila, beint eða óbeint, stunda eða taka þátt í einhverri starfsemi á Íslandi sem er svipuð starfsemi Livio Reykjavík, þ.e. starfsemi á sviði tæknifrjóvgunarmeðferða á Íslandi. Fram kemur að til að taka af allan vafa skuli tekið fram að stefnanda sé heimilt að starfa á sviði læknavísinda og kven-sjúkdómafræði á sjúkrahúsi eða heilsugæslustöð.
  - b. annað hvort í eigin nafni eða fyrir einhvern annan aðila eða fyrirtæki í eigu hennar eða tengds aðila, beint eða óbeint, ráða, falast eftir, hafa afskipti af eða reyna að lokka frá Livio Reykjavík einhvern aðila eða fyrirtæki sem er þá eða var á næstliðnum tólf mánuðum viðskiptavinur Livio Reykjavík. Ef slíkur viðskiptavinur leitist hins vegar eftir þjónustu stefnanda að eigin frumkvæði sé henni heimilt að veita þjónustu.
  - c. annað hvort í eigin nafni eða fyrir einhvern annan aðila eða fyrirtæki í eigu hennar eða tengds aðila, beint eða óbeint, ráða, falast eftir, hafa afskipti af eða reyna að lokka frá Livio Reykjavík

einhvern aðila sem er þá eða var á næstliðnum sex mánuðum starfsmaður Livio Reykjavík til að starfa á sviði tæknifrjógungunarmedferða á Íslandi.

9. Í grein 2.2 í samningnum voru lagðar hömlur á athafnir stefnanda í Svíþjóð. Þá kemur fram í grein 2.3 að brjóti stefnandi gegn einhverjum framangreindra ákvæða geti stefndi lýst því yfir að hann hyggist gera kröfu um að fá 20% kaupverðsins til baka frá vörsluaðilanum. Áður en stefndi gerði slíka kröfu yrði hann að tilkynna stefnanda um það skriflega án tafar að stefndi teldi hana hafa gerst brotlega við samkomulagið og að stefndi hygðist gera kröfu um vörslufjárhæðina. Eftir að hafa mótttekið slíka tilkynningu skyldi stefnandi hafa sjö daga til að bregðast við ásökuninni með rökstuddum hætti. Ef hún mótmælti kröfunni skyldi fjárhæðin standa óhreyfð á vörslureikningnum þar til leyst hefði verið úr ágreiningnum.
10. Samkvæmt verðmati PWC frá 29. apríl 2021 skyldi kaupverðið nema 118.620.000 krónum. Stefnandi greiddi 80% kaupverðsins 21. maí 2021, þ.e. 93.800.000 krónur að teknu tilliti til frádráttar 50% af kostnaði vegna vinnu PWC, sbr. ákvæði kaupsamningsins þar um. Eftirstöðvar kaupverðsins, þ.e. 23.452.811 krónur, eða 20%, voru millifærðar inn á fjárvörslureikning lögmansstofu, í samræmi við fjárvörslusamning, dags. 31. maí 2021.
11. Fyrir liggur stofngerð fyrir félagið Reykjavík IVF ehf., stofnskrá þess og samþykktir fyrir félagið en öll skjölín eru dagsett 24. janúar 2023. Í skjölunum kemur fram að Þórir Harðarson, eiginmaður stefnanda, sé stofnandi félagsins, stjórnarmaður þess og prókúruhafi. Í stofnskránni og samþykktunum segir að tilgangur félagsins sé heilbrigðisþjónusta og tengd starfsemi, kaup og sala hlutabréfa, lánastarfsemi, eignarhald, rekstur og útleiga fasteigna og annar skyldur rekstur, sem og þátttaka í öðrum rekstri sem stjórn félagsins ákveður. Nafns stefnanda er ekki getið í umræddum skjölum.
12. Einnig liggja fyrir stofnskjöl fyrir félagið Evuhús ehf., dags. 19. desember 2023. Félagið Reykjavík IVF ehf. er þar tilgreint sem stofnandi félagsins. Tilgangur félagsins er sagður sá að starfrækja frjósemismiðstöð og sinna tengdri starfsemi. Eiginmaður stefnanda er einn af þeim sem var kosinn í stjórn félagsins.
13. Með bréfi, dags. 29. janúar 2024, var af hálfu stefnda krafist greiðslu þeirra fjármuna sem höfðu verið lagðir inn á fjárvörslureikninginn, á þeim grundvelli að stefnandi hefði brotið gegn samkeppnisákvæði kaupsamningsins. Í því sambandi var vísað til þess af hálfu stefnda að eiginmaður stefnanda hefði stofnað einkahlutafélagið Reykjavík IVF ehf., hvers tilgangur væri heilbrigðisþjónusta og önnur tengd þjónusta, að stefnandi og eiginmaður hennar hefðu talað um það opinberlega að þau hygðust opna stofu á sviði tæknifrjóguna og að þau hefði bæði beint og óbeint, í gegnum fyrrnefnt félag, frá stofnun þess, verið í samstarfi við aðra aðila í þeim tilgangi.
14. Bréfinu var svarað fyrir hönd stefnanda með bréfi, dags. 31. janúar 2024. Þar var því alfarið hafnað að stefnandi hefði brotið gegn umræddu samkeppnisbanni. Stefnandi höfðaði mál þetta í kjölfarið, 28. febrúar 2024 eins og áður segir.
15. Af hálfu stefnanda voru sendar fyrirspurnir með tölvupóstum 31. janúar 2024 til heilbrigðisráðuneytisins og embættis landlæknis um hve mörg og þá hvaða fyrirtæki á Íslandi væru með leyfi til að framkvæma tæknifrjógungun, miðað við þann dag, samkvæmt lögum nr. 55/1996 um tæknifrjógungun og notkun kynfrumna og fósturvísu manna til stofnfrumurannsókna, sbr. reglugerð nr. 144/2009 um tæknifrjógungun. Í svari ráðuneytisins frá 1. febrúar 2024 segir að fyrirtækið Livio Reykjavík hafi rekstrarleyfi til tæknifrjógungunar. Í svari embættis landlæknis 19. febrúar 2024 segir að á tímabilinu frá 1. febrúar 2021 til 1. febrúar 2024 hafi Livio verið eina fyrirtækið sem hafi uppfyllt faglegar lágmarkskröfur embættis landlæknis til að reka þjónustu vegna meðferðar við ófrjósemi á grundvelli laga nr. 55/1996.
16. Eiginmaður stefnanda birti stöðufærslu á samfélagsmiðlinum *Facebook* 20. mars 2024 og merkti stefnanda í færslunni. Þar segir: „Gaman að tilkynna það að við erum að fara að opna nýja frjósemismiðstöð á haustmánuðum sem hefur fengið nafnið Sunna.“ Þá var greint frá atvinnuauglýsingum sem hefðu verið birtar á vefsíðunni Alfred.is vegna þessa og einnig greint frá heimasíðu sem væri í smíðum. Fram kemur á umræddri vefsíðu, Alfred.is, í tengslum við atvinnuauglýsingarnar, að Sunna – frjósemismiðstöð ehf. sé í eigu Reykjavík IVF ehf. og ÓSA hf.

17. Frétt var birt á vefsíðunni *Vísi* 22. sama mánaðar um opnun frjósemismiðstöðvarinnar. Þar kemur fram að hún verði opnuð á haustmánuðum og sé í eigu stefnanda og eiginmanns hennar sem muni reka hana en ÓSAR hf. muni koma til með að veita þeim ýmsa stoðþjónustu eins og hvað varðar markaðsmál, vefsíðugerð og fjármál.
18. Í skjali sem dagsett er 27. maí 2024 staðfestir forstjóri félagsins ÓSAR – lífæð heilbrigðis hf. að það félag sé leigutaki atvinnurýmis í Urðarhvarfi 8 í Kópavogi og hafi skrifað undir leigusamning þess efnis 12. mars 2024.
19. Samkvæmt hlutaskrá frá 27. maí 2024 var eiginmaður stefnanda þá eigandi allra eignarhluta í félaginu Reykjavík IVF ehf. Samkvæmt hlutaskrá fyrir Evuhús ehf. frá sama degi var Reykjavík IVF ehf. þá eigandi allra eignarhluta í því félagi. Með tilkynningu, dags. 23. maí 2024, var tilkynnt um breytingu á nafni félagsins Evuhús ehf. í Sunnu Frjósemi ehf.
20. Í framlagðri útprentun af vefsíðu Sunnu – frjósemismiðstöðvar, frá 28. maí 2024, kemur fram að miðstöðin muni opna á haustmánuðum. Hún muni bjóða upp á alla þá þjónustu sem fylgi meðferðum við ófrjósemi.

#### **Helstu málsástæður og lagarök stefnanda**

21. Stefnandi vísar um kröfu sína til ákvæða kaupsamningsins, verðmats PWC á eignarhlutum og reikningsyfirlits fjárvörslureikningsins þar sem eftirstöðvar kaupverðsins, sem stefnandi krefst, eru varðveittar. Um sé að ræða 20% af kaupverði eignarhlutarins, auk innlánsvaxta sem fjárhæðin hafi borið á fjárvörslureikningnum frá 28. maí 2021 til 1. febrúar 2024, en þó að frádregnum fjármagnstekjuskatti sem hafi komið til álagningar árin 2021–2023. Innlánsvextir af umræddum fjárvörslureikningi teljist hluti kaupverðsins og skuli bæta við eftirstöðvar þess samkvæmt vörslusamningnum.
22. Stefnandi sundurliðar kröfuna með eftirfarandi hætti:
  - a. Höfuðstóll kröfu, þ.e. sama fjárhæð og fjárhæðin sem greidd hafi verið f.h. stefnda inn á vörslureikning Forum lögmanna 28. maí 2021: 23.452.811 krónur.
  - b. Innlánsvextir af fjárhæð samkvæmt a-lið vegna vörslu fjárhæðarinnar á fjárvörslureikningi, yfir tímabilið frá 28. maí 2021 til 31. desember 2023, að frádregnum fjármagnstekjuskatti vegna árána 2021–2023: 1.511.148 krónur.
  - c. Innlánsvextir af samanlagðri fjárhæð samkvæmt a- og b-lið, þ.e. 24.699.873 krónum, vegna vörslu fjárhæðarinnar á fjárvörslureikningi, yfir tímabilið frá 1. janúar 2024 til 1. febrúar 2024: 137.222 krónur.
  - d. Dráttarvextir samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af samanlagðri fjárhæð samkvæmt a-, b- og c-lið, þ.e. 24.837.095 krónum, frá og með 1. febrúar 2024 og til greiðsludags.
23. Stefnandi byggir á því að ákvæði fyrrnefnds kaupsamnings séu skýr og afdráttarlaus um það að stefnda beri að greiða stefnanda eftirstöðvar kaupverðsins í samræmi við dómkröfu stefnanda, enda hafi stefnandi ekki gerst brotleg við samkeppnisbann. Óumdeilanlegt sé að samkeppnisbannið hafi fallið úr gildi 1. febrúar 2024 en stefnandi hafi ekki fengið eftirstöðvar kaupverðsins greiddar sökum haldlausrar kröfu stefnda.
24. Ákvæði umrædds samkeppnisbanns séu tilgreind í grein 2.1 í kaupsamningnum. Í þremur stafliðum, a–c, sé kveðið á um þau tilvik sem kunni að fela í sér brot gegn samkeppnisbanninu. Allir umræddir stafliðir eigi það sameiginlegt að krafa sé gerð um að stefnandi sjálf, með beinum eða óbeinum hætti, viðhafi tiltekna háttsemi til þess að geta talist hafa gerst brotleg.
25. Stefnandi byggir í *fyrsta lagi* á því að hún hafi ekki viðhaft neina þá háttsemi sem falli undir ákvæði greinar 2.1 á gildistíma umrædds samkeppnisbanns. Stefndi beri alla sönnunarbyrði fyrir því að stefnandi hafi með einhverju móti viðhaft háttsemi sem geti talist fela í sér brot gegn umræddu ákvæði, enda eigi stefnandi

rétt á umræddri greiðslu, nema sýnt sé fram á að stefnandi hafi gerst brotleg gegn ákvæðum kaupsamningsins, sem stefnandi hafi ekki gert.

26. Yfir gildistíma samkeppnisbannsins hafi stefnandi starfað sem sérfræðilæknir á sviði kvenlækninga við rekstur á eigin læknastofu á sviði kvensjúkdómalækninga, þ.e. IJ læknaþjónustu slf., sem henni hafi verið heimilt samkvæmt sérstakri undanþágu a-liðar greinar 2.1 kaupsamningsins.
27. Þá liggi ekkert fyrir um að stefnandi hafi haft einhverja aðkomu að starfsemi félags sem starfi á sviði tæknifrjógvanna hér á landi á gildistíma samkeppnisbannsins, með beinum eða óbeinum hætti. Í þessu samhengi bendir stefnandi á að einungis megi framkvæma tæknifrjógvun eða stunda rekstur á sviði tæknifrjógvunar á heilbrigðisstofnun samkvæmt leyfi frá ráðherra samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 55/1996 um tæknifrjógvun og notkun kynfrumna og fösturvísa manna til stofnfrumurannsókna. Til þess að fá slíkt leyfi þurfi að uppfylla tiltekin skilyrði og fá viðurkenningu embættis landlæknis á því að skilyrðin séu uppfyllt. Livio Reykjavík sé eini aðillinn sem hafi slíkt leyfi og veiti slíka þjónustu hér á landi. Það hafi átt við allan gildistíma samkeppnisbannsins. Stefnandi geti ekki talist brotleg við a-lið greinar 2.1 kaupsamningsins nema hún hafi stundað eða tekið þátt í starfsemi félags sem hafi slíkt leyfi.
28. Stefnandi hafnar því jafnframt að hún hafi lýst því yfir, með beinum eða óbeinum hætti, að hún hafi viljað starfa á sviði tæknifrjógvanna að loknu samkeppnisbanni. Ekkert liggi fyrir um að stefnandi hafi lýst þessu yfir, með beinum eða óbeinum hætti, en hafi stefnandi viðhaft slíka háttsemi myndi slík háttsemi ekki varða við umrætt ákvæði um samkeppnisbann. Hvergi sé kveðið á um að stefnanda sé óheimilt að lýsa því yfir að hún kunni að vilja starfa á sviði tæknifrjógvunarmeðferða að loknu samkeppnisbanni. Stefnandi telur að slík háttsemi sé umræddu samkeppnisbanni með öllu óviðkomandi og geti falið í sér brot á grein 2.1 í kaupsamningnum, enda sé stefnandi ekki bundin af skilyrðum samkeppnisbannsins að gildistíma þess loknum.
29. Stefnandi hafnar því einnig að hún hafi með beinum hætti og í gegnum einkahlutafélagið Reykjavík IVF ehf., félag sem sé að öllu leyti í eigu eiginmanns stefnanda og tilgangur þess sé heilbrigðisþjónusta og önnur tengd þjónusta, sem stofnað hafi verið 24. janúar 2023, verið í samstarfi við aðra aðila í þeim tilgangi að opna stofu á sviði tæknifrjógvunarmeðferða.
30. Stefnandi hafi ekki svarað mótmælum og áskorunum stefnanda, sem hafi borist stefnda með fyrrnefndu bréfi 31. janúar 2024, um í hverju háttsemi stefnanda ætti að hafa falist, þ.e. að hvaða leyti stefnandi hafi verið í samstarfi við aðra aðila í þeim tilgangi að opna stofu á sviði tæknifrjógvunarmeðferða, með beinum eða óbeinum hætti. Þá hafi ekki verið nein starfsemi í umræddu félagi og það hafi ekki óskað eftir neins konar starfsleyfi eða hafið neinn rekstur, ekki gert samninga eða haft tekjur á gildistíma samkeppnisbannsins. Félagið Reykjavík IVF ehf., sem sé stefnanda óviðkomandi, hafi ekki starfað á sama sviði og Livio Reykjavík, enda ekki um að ræða heilbrigðisstofnun með leyfi til að framkvæma tæknifrjógvanir. Þá hafi stefnandi ekki haft neina aðkomu að þessu félagi.
31. Stefnandi byggir í *öðru lagi* á því að háttsemi eða athafnir eiginmanns hennar geti í engu tilliti leitt til þess að hún verði talin brotleg við grein 2.1 kaupsamningsins. Hvergi sé í umræddu samkeppnisbanni kveðið á um að háttsemi eða athafnir eiginmanns stefnanda geti falið í sér brot á ákvæðinu. Ljóst sé að samkeppnisbannið hafi alfarið verið takmarkað og bundið við stefnanda og háttsemi þriðja aðila geti því ekki komið til skoðunar við mat á því hvort stefnandi hafi gerst brotleg við umrætt ákvæði samningsins.
32. Fullyrðingum stefnda sem þessu tengist, í kröfubréfinu frá 29. janúar 2024, um i) stofnun eiginmanns stefnanda á einkahlutafélaginu Reykjavík IVF ehf., ii) að hann hafi talað um það opinberlega að hann hygðist opna stofu á sviði tæknifrjógvanna með stefnanda, og iii) hann hafi bæði beint og óbeint í gegnum áðurnefnt félag, Reykjavík IVF ehf., frá stofnun þess, verið í samstarfi við aðra aðila í þeim tilgangi, fæli í sér brot af hálfu stefnanda á grein 2.1 kaupsamningsins, sé mótmælt sem röngum, ósönnuðum og haldlausum. Hið sama gildi um stofnun eiginmanns stefnanda á einkahlutafélaginu Evuhús ehf., 19. desember 2023, sem stefnandi hafi ekki haft neina aðkomu að.

33. Verði talið að túlka beri ákvæði greinar 2.1 kaupsamningsins í andstöðu við orðanna hljóðan ákvæðisins, þannig að það nái með einhverjum hætti til háttsemi eða athafna eiginmanns stefnanda, byggir stefnandi á því að tilvist Reykjavík IVF ehf. og Evuhúsa ehf. geti ekki talist brot af hálfu stefnanda á grein 2.1 kaupsamningsins. Umrædd félög hafi ekki og megi ekki framkvæma tæknifrjógvun eða stunda rekstur á sviði tæknifrjógvunar á heilbrigðisstofnun, enda hafi þau ekki til þess tilskilin leyfi samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 55/1996 um tæknifrjógvun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna. Tilvist þeirra geti í engu tilliti talist fela í sér að stefnandi hafi verið að stunda eða taka þátt í einhverri starfsemi á Íslandi sem væri svipuð starfsemi Livio Reykjavík, þ.e. starfsemi á sviði tæknifrjógvunar meðferða á Íslandi, í skilningi staflíðar á grein 2.1 kaupsamningsins.
34. Þá veki athygli að fyrst hafi verið vísað til stofnunar þessa félags af hálfu stefnda með bréfi, dags. 29. janúar 2024, þremur dögum fyrir lok gildistíma umrædds samkeppnisbanns, en fyrir liggja að umrætt félag hafi verið skráð 24. janúar 2023. Samkvæmt grein 2.3 í samningnum hafi stefnda borið að senda skriflega tilkynningu án tafar ef stefndi teldi stefnanda brjóta í bága við samkeppnisbannsákvæði samkomulagsins. Stefnandi byggir því í þriðja lagi á því að tilkynningin hafi verið of seint fram komin og stefndi hafi því sýnt af sér tómlæti og fyrirgert sér rétti til að bera fyrir sig kröfu á þessum grundvelli.
35. Í fjórða lagi telur stefnandi að hún hafi ekki að neinu leyti brotið gegn b- eða c-lið greinar 2.1 kaupsamningsins, á gildistíma samkeppnisbannsins. Bæði ákvæðin áskilji að stefnandi hafi þurft að ráða, falast eftir, hafa afskipti af eða reyna að lokka frá Livio Reykjavík einhvern viðskiptavin eða starfsmann félagsins á gildistíma samkeppnisbannsins. Hið sama gildi um grein 2.2 kaupsamningsins, en stefnandi hafi ekki gerst brotleg við umrætt ákvæði á gildistíma samkeppnisbannsins.
36. Jafnframt byggir stefnandi á því að túlkun stefnda á ákvæðunum um samkeppnisbannið sé í ósamræmi við íslenskan rétt og dómaframkvæmd.

#### **Helstu málsástæður og lagarök stefnda**

37. Stefnandi byggir sýknukröfu sína á því að stefnandi hafi brotið gegn dómsáttinni, ákvæðum kaupsamningsins um samkeppnisbann ásamt ákvæðum fjárvörslusamnings sem aðilar gerðu sín á milli. Skilyrði útborgunar á 20% af kaupverði eignarhlutanna sem stefndi keypti af stefnanda séu því ekki fyrir hendi.
38. Stefnandi telur að stefnandi hafi með athæfi sínu brotið gegn ákvæðum greinar 2.1, liðum a–c, í kaupsamningnum. Samningsbrot stefnanda felist m.a. í því að eiginmaður hennar hafi stofnað félagið Reykjavík IVF ehf. Við undirbúning og stofnun þess félags, snemma árs 2023, og með athöfnum eftir það, hafi stefnandi ásamt eiginmanni sínum ráðist í aðgerðir við stofnun nýrrar stofu sem yrði í samkeppni við stefnda. Allt hafi þetta verið gert án vitneskju eða samráðs við stefnda, sem þannig hafi ekkert haft um aðgerðir stefnanda að segja. Bæði stefnandi og eiginmaður hennar hafi áður starfað fyrir stefnda eða tengd félög í tengslum við frjósemismæðferðir.
39. Stefnandi hafnar fullyrðingum stefnanda um að stofnun félagsins Reykjavík IVF ehf. snerti eingöngu eiginmann stefnanda en ekki hana sjálfa. Samkvæmt tilkynningu eiginmannsins á samfélagsmiðlinum Facebook 20. mars 2024 og frétt á vefsíðunni Vísir 22. sama mánaðar um opnun Sunnu – frjósemismiðstöðvar muni stefnandi og eiginmaður hennar reka og starfa við umrædda miðstöð. Í fréttinni segi enn fremur að „fyrirtækið sé í eigu [stefnanda] og Þóris“ en að það verði í samstarfi við ÓSA hf. Þá komi skýrlega fram í auglýsingu á heimasíðunni Alfred.is að fyrirtækið Reykjavík IVF ehf. eigi ásamt ÓSUM hf. fyrirtækið Sunnu – frjósemismiðstöð ehf. Stefnandi og eiginmaður hennar virðist því sjálf líta svo á og ganga út frá því að Reykjavík IVF ehf. sé þeirra beggja þrátt fyrir að eignarhaldið sé skráð á hann.
40. Í ákvæði greinar 2.1 (a) í kaupsamningi aðila komi m.a. fram að stefnanda sé óheimilt að stunda sjálf sambærilegan rekstur og stefndi innan Íslands eða í gegnum annan aðila eða félag, hvort sem það sé beint eða óbeint. Ákvæðið vísi til þess að bannið nái til allrar starfsemi sem sé sambærileg starfsemi Livio á Íslandi.

41. Þá telur stefndi ljóst að stefnandi hafi vísvitandi brotið gegn sameiginlegum skilningi aðila sem hafi legið að baki dómsátt þeirra og samningum árið 2020, þar sem aðilar hafi sammælt um að ganga til sátta. Samningar aðila hafi byggst m.a. á þeim grundvelli að stefnandi myndi ekki sjálf beint eða á neinn annan hátt vinna við eða ráðast í starfsemi sem tengdist starfsemi stefnda. Aðilar hafi samið þannig að aðeins hafi verið afmörkuð undantekning um við hvað stefnandi gæti starfað á þessu tímabili, enda hafi verðmat á hlut hennar og útborgun tekið mið af því, sem og almennum rétti hennar til að starfa við sína sérgrein. Með athöfnum sínum á árinu 2023 og fram til 1. febrúar 2024 hafi stefnandi brotið gegn þeim þáttum sem hafi markað grundvöll sátta og samninga aðila frá 2020.
42. Þó svo að félagið Reykjavík IVF ehf. hafi ekki verið farið að veita læknisfræðilegar meðferðir vegna ófrjósemi fyrir 1. febrúar 2024 telji stefndi sýnt að stofnun þess og aðrar athafnir í tengslum við starfsemi og rekstur fyrirtækisins brjóti í bága við þá samninga sem stefnandi og stefndi hafi gert. Þannig hafi stefndi fengið upplýsingar um það í byrjun árs 2024 að stefnandi og eiginmaður hennar hafi á árinu 2023 verið í samskiptum við bæði innlenda samstarfsaðila og mögulega leigusala í tengslum við stofnun starfsemi á sviði frjósemismæðferða á árinu 2024. Þannig sé ljóst að stefnandi hafi unnið beint að starfsemi sem tengdist starfsemi stefnda og að þau samskipti hafi átt sér stað áður en samkeppnisbann samkvæmt kaupsamningi aðila leið undir lok.
43. Stefndi hafi fengið upplýsingar um að Reykjavík IVF ehf. hefði ákveðið að fara í samstarf við félagið ÓSA hf. og að starfsmönnum ÓSA hf. hefði verið tilkynnt á starfsmannaskemmtun um væntanlegt samstarf fyrirtækisins við stefnanda og eiginmann hennar í gegnum félagið Reykjavík IVF ehf. Þetta hafi nú raungerst með stofnun Sunnu – frjósemismiðstöðvar. Stefndi telji einsýnt að undirbúningsaðgerðir sem þessar rúmist innan orðalags þeirra ákvæða sem sé að finna í ákvæðum a–c-liðar greinar 2.1 í kaupsamningi aðila. Með því að framkvæma slíkar undirbúningsaðgerðir verði að telja að félagið hafi nú þegar hafið starfsemi sína.
44. Þá telur stefndi það ekki skipta máli að Reykjavík IVF ehf. sé ekki með leyfi til að framkvæma tæknifrjóvganir. Stefndi mótmælir þeirri túlkun stefnanda að samkeppnisbannið einskorðist við tæknifrjóvganir eins og hugtakið er skilgreint í lögum nr. 55/1996 um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna. Þar sé hugtakið tæknifrjóvgun skilgreint sem „Getnaður sem verður í framhaldi af tæknisæðingu eða glasafrjóvgun“, en slíkt sé leyfisskyldt samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laganna. Samkeppnisbann samkvæmt kaupsamningnum nái hins vegar til „sambærilegrar starfsemi“ og Livio innan sviðs tæknifrjóvgana.
45. Orðalag kaupsamningsins er varðar samkeppnisbannið sé því töluvert víðtækara en hin leyfisskylda starfsemi samkvæmt lögum nr. 55/1996, enda einskorðist starfsemi stefnda ekki við framkvæmd tæknifrjóvgana. Í samningum aðila hafi ekki verið vísað til lagaákvæðanna enda ljóst að aðilar hafi verið að semja um víðari merkingu með þeirri afmörkuðu undantekningu sem sérstaklega hafi verið undanskilin frá umsömdu banni.
46. Með vísan til þessa sé ekki hægt að halda því fram að stefnandi hafi ekki brotið gegn ákvæðum kaupsamningsins um samkeppnisbannið, á þeim grundvelli að Reykjavík IVF ehf. hafi ekki fengið starfsleyfi til að framkvæma tæknifrjóvganir. Slík túlkun á ákvæði greinar 2.1 í kaupsamningnum myndi að áliti stefnda leiða til þess að ákvæðið hefði í raun ekki tilætluð áhrif á stefnanda, enda sé dótturfélag stefnda eini starfandi aðilinn á Íslandi með slíkt leyfi.
47. Stefndi telur þessa háttsemi stefnanda, þ.e. undirbúning stofnunar stofu á sviði frjósemismæðferða, einnig fela í sér brot á gagnkvæmum trúnaðarskyldum sem eigi rætur sínar að rekja til dómsáttar aðila og kaupsamningsins. Þessar trúnaðarskyldur, sem leiða megi beint og óbeint af áður nefndum ákvæðum um samkeppnisbann, feli ekki einungis í sér að stefnandi megi ekki beinlínis framkvæma tæknifrjóvganir í beinni samkeppni við dótturfélag stefnda, heldur nái skyldurnar einnig til undirbúningsaðgerða. Undir þær falli m.a. viðræður við samstarfsaðila um að fara í samkeppni við stefnda á meðan samkeppnisbannið var

enn í gildi. Að öðrum kosti væri gildi samkeppnisbannsins rýrt til muna, auk þess sem stefndi telur að aðgerðir stefnanda fari í bága við markmið samkeppnisbannsins.

48. Þá hafi verðmæti hlutanna tekið mið af því að skyldur samkvæmt samkomulagi aðila yrðu virtar. Stefndi telur ljóst að staða IVF holding ehf. á íslenskum markaði hafi talsverð áhrif á verðmæti félagsins og þar af leiðandi á endurgjald stefnanda til handa fyrir hluti hennar í því. Undirbúningsaðgerðir og viðræður um að hefja samkeppni við stefnda á meðan samkeppnisbann sé í gildi hafi að mati stefnda tvímælalaust áhrif á þær forsendur sem hafi legið til grundvallar verðmati á IVF holding ehf. og endurspegli í því samhengi mikilvægi þess að stefnandi standi við gerða samninga og virði samkeppnisbannið.
49. Loks hafnar stefndi málsástæðu stefnanda um að stefndi hafi með nokkrum hætti sýnt af sér tómlæti í máli þessu enda hafi stefndi gripið til úrræða án tafar eftir að hann hafi fengið upplýsingar um brot stefnanda gegn ákvæðum samninga þeirra á milli. Hér megi benda á að stefnandi hafi farið leynt gagnvart stefnda með stofnun Reykjavík IVF ehf. og viðræður sem stefnandi og eiginmaður hennar hafi átt við ýmsa aðila um stofnun rekstrar á sviði ófrjósemi og tæknifrjóvgunar.

### Niðurstaða

50. Ágreiningur málsins lýtur að því hvort stefnda beri að greiða stefnanda eftirstöðvar kaupverðs vegna eignarhluta í félaginu IVF holding ehf. í samræmi við ákvæði kaupsamnings aðila þar að lútandi eða hvort stefnandi hafi fyrirgert rétti sínum til þeirrar greiðslu með því að brjóta gegn ákvæði samningsins sem bannaði henni að stunda tiltekna starfsemi á þriggja ára tímabili frá 1. febrúar 2021. Á stefnda hvílir sönnunarbyrði um að stefnandi hafi brotið gegn umræddum trúnaðarskyldum.
51. Umrædd ákvæði eru í grein 2.1 í kaupsamningi aðila sem dagsettur er 12. nóvember 2020. Með a-lið þeirrar greinar samningsins skuldbatt stefnandi sig til að stunda ekki eða taka þátt í á umræddu tímabili, annað hvort í eigin nafni eða fyrir einhvern annan aðila eða fyrirtæki í eigu hennar eða tengds aðila, beint eða óbeint, starfsemi sem væri svipuð starfsemi Livio Reykjavík, starfsemi á sviði tæknifrjóvgunarmæðferða á Íslandi. Ákvæði b- og c-liðar lutu að banni við að lokka viðskiptavinum og starfsfólki frá Livio Reykjavík, sbr. nánari umfjöllun um umrædd samningsákvæði í efnisgrein nr. 8 hér að framan.
52. Hvað varðar meint brot stefnanda gegn umræddum ákvæðum samningsins hefur stefndi vísað til þess að eiginmaður stefnanda hafi stofnað félagið Reykjavík IVF ehf. Stefndi hafi við undirbúning og stofnun þess félags, snemma árs 2023, og með athöfnum eftir það, ráðist ásamt eiginmanni sínum í aðgerðir við stofnun nýrrar stofu sem yrði í samkeppni við stefnda.
53. Þær samningsbundnu hömlur sem stefnandi gekkst undir tóku sem fyrir segir til þriggja ára tímabils frá 1. febrúar 2021, þ.e. til 1. febrúar 2024. Fyrir liggur að á því tímabili stofnaði eiginmaður stefnanda félögin Reykjavík IVF ehf. og Evuhús ehf., sbr. stofnaskjöl sem eru dagsett 24. janúar 2023 og 19. desember 2023. Tilgangur fyrrnefnda félagsins er þar sagður vera heilbrigðisþjónusta og tengd starfsemi og þess síðarnefnda rekstur frjósemismiðstöðvar og tengd starfsemi. Nafns stefnanda er hvergi getið í stofnaskjöllum þessara félaga. Þá verður ráðið af fyrirliggjandi tölvupóstum heilbrigðisráðuneytisins frá 1. febrúar 2024 og embættis landlæknis frá 19. sama mánaðar að umrædd félög eiginmanns stefnanda hafi ekki haft leyfi til að framkvæma tæknifrjóvganir á því tímabili sem umræddar samkeppnishömlur giltu.
54. Það er fyrst í færslu á Facebook 20. mars 2024, og síðan í frétt á Vísu 22. sama mánaðar, sem þess sér stað í gögnum málsins að stefnandi sé þátttakandi í undirbúningi opunar nýrrar frjósemismiðstöðvar. Þá var meira en einn og hálfur mánuður liðinn frá því að samkeppnishömlurnar liðu undir lok. Í umræddum gögnum kemur fram að miðstöðin verði opnuð „á haustmánuðum“, sem bendir til að þá hafi enn verið um hálf t. ári í opnunina. Sömu upplýsingar komu fram á vefsíðu Sunnu – frjósemismiðstöðvar 28. maí 2024.
55. Ekki verður ráðið af grein 2.1 í samningi aðila, eða samningnum að öðru leyti, að athafnir eiginmanns stefnanda eða yfirhöfuð annarra en stefnanda sjálfra skyldu hafa áhrif á mat á því hvort hún teldist hafa brotið gegn þeim trúnaðarskyldum sem þar er kveðið á um. Þá er ljóst að stefnandi verður ekki samsömuð eiginmanni sínum í því tilliti, þótt fyrirtæki hans kunni að teljast tengdur aðili í skilningi umræddra

samningsákvæða. Fyrirnefndar athafnir eiginmanns stefnanda geta því ekki leitt til ályktunar um að stefnandi teljist hafa fyrirgert rétti sínum til greiðslunnar sem deilt er um í málinu. Þá hefur stefndi ekki fært sönnur á að stefnandi hafi tekið þátt í undirbúningsathöfnum vegna opunar frjósemismiðstöðvarinnar fyrir en eftir að gildistími samkeppnishamlanna hafði runnið sitt skeið.

56. Að öllu framangreindu virtu verður fallist á kröfu stefnanda en ekki er tölulegur ágreiningur um þá fjárhæð sem stefnandi krefst. Samkvæmt grein 1.2.1 í kaupsamningi aðila skyldu fjármunirnir varðveittir á vörslureikningnum á gildistíma samkeppnisbannsins, en hann rann út 1. febrúar 2024. Því verður fallist á kröfu stefnanda um að stefndi greiði dráttarvexti frá þeim degi, eins og hún krefst, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.
57. Í samræmi við þessi málsúrslit verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hann þykir hæfilega ákveðinn eins og í dómsorði greinir, að meðtöldum virðisaukaskatti.
58. Stefán Örn Stefánsson lögmaður flutti málið fyrir stefnanda og Leifur Valentín Gunnarsson lögmaður fyrir stefnda.
59. Þorsteinn Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Stefndi, Livio AB, skal greiða stefnanda, Ingunni Jónsdóttur, 24.837.095 krónur, auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 1. febrúar 2024 til greiðsludags.

Stefndi skal greiða stefnanda 1.350.000 krónur í málskostnað.